

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, sumarhúsabyggð í landi Tjarnar.

Í breytingunni felst breyting á skilmálum innan greinargerðar deiliskipulagsins sem tekur til göngustíga, vatnsveitu og hitaveitu, sorphirðu og almennra byggingarskilmála. Eftir breytingu verði gert ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að byggja fristundahús, gestahús og geymslu. Stærð aukahúss/gestahúss getur verið allt að 40 m² og geymslu allt að 15 m². Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingarmagni lóðar. Nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03, nema á lóðum sem eru minni en 0,3 ha að stærð, þar er leyfilegt byggingarmagn 100 m². Heildarbyggingarmagn á lóðum skal aldrei fara yfir 500 m². Leyfileg mænishæð er allt að 6,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar. Þakhalli geti verið á bilinu 0-45 gráður. Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2023.

Deiliskipulag fjallasels, Skjaldborg og Kerling.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til fjallaselsins Skjaldborgar og Kerlingar. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er tæpur 1,2 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8. Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2023.

Deiliskipulag fjallasels, Gatfellsskáli.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til fjallaselsins Gatfellsskála. Í deiliskipulaginu felst staðfesting á núverandi landnotkun, auk þess að gera ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýs húss. Gisting getur verið fyrir allt að 20 gesti. Skipulagssvæðið er tæpur 1 ha. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF8. Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. maí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.